

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 26. mars 2019

**Efni: Umsögn Neytendasamtakanna um tillögu til þingsályktunar um samkeppnisúttekt á löggjöf og regluverki. 289. mál.**

Vísað er til erindis efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 11. mars 2019.

Neytendasamtökin eru sammála mikilvægi virkrar samkeppni og telja að hún leiði til lægra verðs á vörum og þjónustu sem seld er til neytenda og annarra aðila. Neytendasamtökin eru þar með hlynnt tillögum um að unnin skuli úttekt á löggjöf og regluverki með hliðsjón af áhrifum á virka samkeppni á markaði.

Neytendasamtökin vilja þó einnig koma því á framfæri að þau telja rannsóknir á þessu sviði grundvallar forsendu fyrir því að unnt sé að taka mikilvægar ákvarðanir í þessum efnum.

Virðingarfyllst,

f.h. Neytendasamtakanna



Breki Karlsson, formaður